

Landhelgisgæsla Íslands Ársreikningur 2022

Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Reykjavík
710169-5869

Efnisyfirlit

	Bls
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnhagsreikningur.....	5
Sjóðsstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Landhelgisgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands. Landhelgisgæsla Íslands er öryggis, eftirlits- og löggæslustofnun sem bæði gegnir hlutverki viðbragðsaðila og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland sem og að sinna aðkallandi sjúkraflutningum á sjó og landi. Landhelgisgæsla Íslands hefur frá 1. janúar 2011 einnig annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur lýst því yfir að leitað verði eftir heimild Alþingis til þess að bæta stofnunum upp skerðingu á eigið fé sem hlaust af uppfærslu á orlofs- og frídagaskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi 2017. Á grundvelli þessa hefur verið færð krafa á ríkissjóð sem nemur orlofs- og frídagaskuldbindingu eins og hún var færð í stofnefnahagsreikning stofnunarinnar og á móti hefur sú upphæð verið færð til hækkunar á eigin fé. Stjórnendur Landhelgisgæslunnar vekja athygli á því að samþykki Alþingis liggur ekki fyrir og því ríkir óvissa um hvort þessar færslur eigi rétt á sér.

Á árinu 2022 var ársveltan 9.621,9 m.kr. og afkoma -324,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 350,9 m.kr. í árslok og eignir nema samtals 9.302,4 m.kr. Ársverk voru 214 að meðaltali.


Landhelgisgæslan leggur áherslu á góða stjórnarhætti og ber forstjóri ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar, að hún starfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og lög og reglur sem um starfsemina gilda. Framkvæmdastjórn er forstjóra til ráðgjafar um daglegan rekstur og stefnumarkandi málefni stofnunarinnar. Forstjóri sér til þess að stjórnvöld fái reglulega upplýsingar um rekstur stofnunarinnar eftir því sem við á hverju sinni.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 9 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Við höfum eftir bestu vitneskju sett fram ársreikning sem gefur glögga mynd af rekstri Landhelgisgæslunnar á árinu 2022 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu 31. desember 2022 í samræmi við lög um ársreikninga, lög um opinber fjármál og fyrirmæli frá stjórnvöldum.

Forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs staðfesta ársreikning Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2022 með undirritun sinni

Reykjavík, 27.03.2023.


Georg Kr. Lárusson, forstjóri


Fríða Aðalgeirsdóttir, frkv.stj. rekstrarsviðs

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs til rekstrar.....	2	5.171.200.000	5.099.100.000
Framlög tengdra aðila til rekstrar.....	2	2.334.854.040	2.231.983.398
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2, 7, 14	627.661.467	707.762.370
Aðrar tekjur.....	3	1.488.156.550	1.293.108.466
Tekjur samtals		<u>9.621.872.057</u>	<u>9.331.954.234</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	4	4.116.396.938	3.823.866.973
Annar rekstrarkostnaður.....	5	5.185.148.869	4.880.500.776
		<u>9.301.545.807</u>	<u>8.704.367.749</u>
Afskriftir.....	7	627.661.467	707.762.370
Gjöld samtals		<u>9.929.207.274</u>	<u>9.412.130.119</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		<u>(307.335.217)</u>	<u>(80.175.885)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	6	(16.846.525)	(10.387.665)
		<u>(16.846.525)</u>	<u>(10.387.665)</u>
Tap ársins		<u><u>(324.181.742)</u></u>	<u><u>(90.563.550)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	2022	2021
Fastafjármunir			
Farartæki, tæki og búnaður.....	7	7.712.915.369	8.220.347.826
Óefnislegar eignir.....	7	5.253.879	8.917.395
Fastafjármunir samtals		7.718.169.248	8.229.265.221
Veltufjármunir			
Birgðir.....	9	698.633.680	558.611.307
Viðskiptakröfur.....	10	157.006.510	112.718.559
Tengdir aðilar.....	10	285.574.372	208.898.487
Staða við ríkissjóð og ráðuneyti.....	11	227.582.679	506.584.008
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður.....	8	43.032.661	116.471.759
Vörslufé.....	12	67.198.212	66.999.781
Handbært fé.....		105.221.562	56.740.539
Veltufjármunir samtals		1.584.249.676	1.627.024.440
Eignir samtals		9.302.418.924	9.856.289.661
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign.....	13	350.922.148	675.103.891
Eigið fé samtals		350.922.148	675.103.891
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna.....	14	7.170.937.540	7.542.572.109
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		7.170.937.540	7.542.572.109
Skammtímaskuldir			
Tengdir aðilar.....	11	168.596.195	85.180.672
Viðskiptaskuldir.....	15	549.363.292	447.876.071
Vörslufé.....	12	67.198.212	66.999.781
Ýmsar skammtímaskuldir.....	16	620.460.175	580.937.063
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	14	374.941.362	457.620.074
Skammtímaskuldir samtals		1.780.559.236	1.638.613.661
Skuldir samtals		8.951.496.776	9.181.185.770
Eigið fé og skuldir samtals		9.302.418.924	9.856.289.661

Sjóðsstreymisyfirlit ársins 2022

Rekstrarhreyfingar	2022	2021
<i>Hreint veltufé frá rekstri</i>		
Afkoma ársins.....	(324.181.742)	(90.563.550)
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</i>		
Afskriftir.....	627.661.467	707.762.370
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....	(627.661.467)	(707.762.370)
Veltufé til reksturs	(324.181.742)	(90.563.550)
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>		
Skammtímakröfur lækkun (hækkun).....	231.278.160	(34.107.593)
Birgðir (hækkun).....	(140.022.373)	(75.778.414)
Skammtímaskuldir lækkun.....	224.624.287	228.915.996
Breytingar á rekstrartengdum samtals	315.880.074	119.029.989
Handbært fé (til) frá rekstri	(8.301.668)	28.466.439
 Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(117.222.819)	(1.984.771.970)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	3.650.000	2.789.315
Fjárfestingahreyfingar	(113.572.819)	(1.981.982.655)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Fjárfestingaframlag.....	141.000.000	1.990.665.179
Gjafir til fjárfestinga.....	29.355.510	12.937.316
Fjármögnunarhreyfingar	170.355.510	2.003.602.495
 Breyting á handbæru fé		
	48.481.023	50.086.279
Handbært fé í ársbyrjun	56.740.539	6.654.260
Handbært fé í lok ársins	105.221.562	56.740.539

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Almennar upplýsingar

Landhelgisgæsla Íslands var stofnuð 1. júlí 1926. Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Skógarhlíð 14 í Reykjavík en starfsstöðvar eru einnig á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, í skipum og ratstjórstöðvum. Landhelgisgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn stofnunarinnar. Landhelgisgæsla Íslands er öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnun sem bæði gegnir hlutverki viðbragðsaðila og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland sem og að sinna aðkallandi sjúkraflutningum á sjó og landi. Landhelgisgæsla Íslands hefur frá 1. janúar 2011 einnig annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga auk stjórnvaldsáskvarðana. Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð ársreikningsins eru útskýrðar hér á eftir.

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum Reikningsskilaráðs ríkisins eða styðjast við ákvæði í alþjóðlegum reikningsskilastaðli fyrir opinbera aðila, IPSAS 33, sem tekur til innleiðingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem byggja á matsforsendum stjórnenda getur við sölu eða innlausn reynst annað en það sem er í ársreikningnum.

1.1 Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárheimildir ársins vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru færðar sem frestaðar tekjur og afskrifaðar á reikningsárinu með tekjufærslu yfir rekstrarreikning. Tekjufærsla fjárfestingaframlaga ársins myndar þannig mótfærslu við gjaldfærðar afskriftir fjármuna.

Í efnahagsreikningi er óafskrifað fjárfestingaframlag fært til skuldar meðal langtímaskulda sem frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna en sá hluti sem áætlað er að tekjufærst á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda.

Samkvæmt 37. grein laga nr. 146/2015 skulu vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð. Þessi grein kom til framkvæmdar á árinu 2017 og eru því engar vaxtatekjur eða fjármangstekjuskattur þeim tengdur í ársreikningi Landhelgisgæslunnar.

1.2 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

1.3 Skattar

Landhelgisgæsla Íslands greiðir virðisaukaskatt af aðföngum, eldsneytisgjöld, fasteignaskatta, bifreiðagjöld og ýmis leyfisgjöld. Stofnunin greiðir ekki tekjuskatta.

1.4 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið árið 2017 og fyrr eru ekki færðar í reikningum stofnunarinnar á grundvelli ársreikningalaga. Á árinu 2019 hófst hugbúnaðarvinna við þróun á gagnagrunnslausn og viðmóti fyrir tölfraði stofnunarinnar, gæðahandbók og fleira. Sú fjárfesting auk annars hugbúnaðar er skráð sem óefnisleg eign.

Skýringar

1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð þannig að mismunur á kostnaðarverði og hrakvirði færist til gjalda á áætluðum notkunartíma eignanna þó með þeirri undantekningu að loftför eru eignfærð í hlutum þar sem líftími stærri vélarhluta miðast við og afskrifast samkvæmt flugtímanotkun. Almennar afskriftir eru sem hér segir:

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Varðskip og loftför	25-50 ár
Áhöld og búnaður	5-15 ár
Farartæki, vélar og aðrar eignir	5-10 ár
Stærri vélarhlutir loftfara	Flugtími
Hugbúnaður	3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingaheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.6 Gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur. Staðan er reiknuð upp í árslok miðað við miðgengi Seðlabanka 31.12.2022. Áfallinn gengismunur er færður í yfirlit um afkomu.

1.7 Birgðir

Rekstrarvörulager er metinn á meðalkostnaðarverði samkvæmt birgðakerfi, olíubirgðir skipa eru metnar á FIFO grunni og varahlutalager flugvéla er skráður í birgðakerfi í evrum og uppreiknaður á meðalgengi síðustu tveggja ára fyrir reikningsskiladag.

1.8 Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður þyrlna

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Viðskiptakröfur eru yfirfarnar og metið hvort þörf sé á niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar að fenginni heimild Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar.

1.9 Vörslusjóðir

Stofnunin hefur umsjón með sjóðum sem varðveittir eru á bankareikningum stofnunarinnar og eru ekki hluti af handbæru fé.

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum. Innstæður í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á uppgjörssdegi.

1.11 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Skýringar

1.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar vegna leigugreiðslna á þyrlum, ýmissa þjónustusamninga og annarra langtímasamninga eru reiknaðar og settar fram í skýringum en eru ekki færðar í efnahagsreikning stofnunarinnar.

Áfallin og gjaldfallin orlofsskuldbinding starfsmanna í árslok er færð til skuldar. Fyrir 2017 var skuldbinding ekki bókuð á tímabil, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við úttekt réttindanna. Við gerð ársreiknings 2017 var áætlað mótframlag ríkissjóðs á móti orlofsskuldbindingu 1.1.2017 og stendur þar enn.

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, svo sem launaðra námsleyfa, veikindaréttar og fleira eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

1.13 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

1.14 Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnsvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnsviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirlit. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

1.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2 Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Landhelgisgæslu Íslands námu samtals 4.915,5 m.kr. Fjárheimildir ársins námu 5.171,2 m.kr. sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Til viðbótar við fjárveitingar af fjárlögum greiðir utanríkisráðuneytið sértekjur til Landhelgisgæslunnar til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af verkefnum sem stofnunin sinnir vegna varnarmála skv. þjónustusamningi við ráðuneytið.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Landhelgisgæsla Íslands				
Aðrar tekjur.....	(522.500)	(522.500)	(3.823.011)	3.300.511
Laun og launatengd gjöld.....	3.065.800	3.107.500	4.116.397	(1.008.897)
Önnur rekstrargjöld.....	2.372.200	2.586.200	5.185.149	(2.598.949)
Rekstrarniðurstaða	4.915.500	5.171.200	5.478.535	(307.335)
Afskriftir.....	(0)	(627.661)	(627.661)	0
Framlag vegna afskrifta.....	0	627.661	627.661	0
Fjármunatekjur / fjármunagjöld.....	0	0	16.847	(16.847)
Samtals Landhelgisgæsla rekstur	4.915.500	5.171.200	5.495.382	(324.182)

Yfirlit um afkomu 2022 sundurliðað á málafni

Í þús. kr.	2022	Landhelgi	Varnarmál
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs til rekstrar.....	5.171.200	5.171.200	0
Framlög tengdra aðila til rekstrar.....	2.334.854	107.744	2.227.110
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	627.661	610.937	16.724
Aðrar tekjur.....	1.488.157	1.071.049	417.107
Tekjur samtals	9.621.872	6.960.931	2.660.942
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	4.116.397	3.373.588	742.809
Starfsmannatengdur kostnaður.....	181.393	103.975	77.418
Funda- og ferðakostnaður.....	268.531	218.585	49.946
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	904.157	211.974	692.184
Þyrluleiga.....	788.969	788.969	0
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar.....	556.593	540.806	15.787
Viðhaldskostnaður.....	1.774.152	1.022.377	751.775
Tryggingar, skattar og ýmis gjöld.....	79.561	74.947	4.614
Annar rekstrarkostnaður.....	631.793	317.429	314.364
	9.301.546	6.652.649	2.648.897
Afskriftir	627.661	610.937	16.724
Gjöld samtals	9.929.207	7.263.586	2.665.621
Afkoma án fjármagnsliða	(307.335)	(302.655)	(4.680)
Gengishagnaður(tap).....	(15.700)	(16.473)	774
Aðrar fjármunatekjur(gjöld).....	(1.147)	(922)	(225)
	(16.847)	(17.395)	548
Afkoma ársins	(324.182)	(320.050)	(4.131)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

	2022	Landhelgi	Varnarmál
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	4.915.500.000	4.915.500.000	0
Launa, verðlags- og gengisbætur	41.700.000	41.700.000	0
Millifærslur úr varasjóði	214.000.000	214.000.000	0
Fjárveiting til tekna	5.171.200.000	5.171.200.000	0
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(5.495.381.742)	(5.491.250.476)	(4.131.266)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(324.181.742)	(320.050.476)	(4.131.266)
Staða fjárveitinga 2021 í lok þess árs	266.024.333	(44.068.030)	310.092.363
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(36.157.409)	(364.118.506)	327.961.097
Rekstrartilfærslur	(22.000.000)	0	(22.000.000)
Fjármagnstilfærslur	(58.157.409)	(364.118.506)	305.961.097

Fjárfestingar	2022	Landhelgi	Varnarmál
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum og fjáraukalögum	105.000.000	105.000.000	0
Millifærslur úr varasjóði	36.000.000	36.000.000	0
Fjárfesting á árinu	(117.222.819)	(87.209.984)	(30.012.835)
Sala fastafjármuna	3.650.000	2.135.000	1.515.000
Styrkir veittir til fjárfestinga	29.355.510	0	29.355.510
Staða fjárfestingafjárveitingar	56.782.691	55.925.016	857.675
Staða fjárfestinga 2021 í lok þess árs	(229.073.037)	(233.389.111)	4.316.074
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2022	(172.290.346)	(177.464.095)	5.173.749

3 Aðrar tekjur

Leigutekjur í landhelgihluta eru af skipum og flugvélum og námu tæplega 588,6 m.kr. á árinu 2022. Leigutekjur í varnarmálhluta koma til af leigu á mannvirkjum, þar með talið gistirýmum, og námu um 403,4 milljónum króna. Jafnframt voru tekjur af sérfræðipjónustu, vörusölu og ýmsar aðrar tekjur sem samtals námu um 496,1 milljónum króna árið 2022.

Landhelgi	2022	2021
Leigutekjur.....	588.595.719	529.476.988
Sérfræðipjónusta og þjónustutekjur.....	162.620.544	110.813.840
Vörusala varahluta og sjómælinga.....	54.982.290	41.832.814
Aðrar tekjur.....	264.850.628	288.548.649
	<u>1.071.049.181</u>	<u>970.672.291</u>
Varnarmál		
Leigutekjur.....	403.433.089	269.801.012
Aðrar tekjur.....	13.674.280	52.635.163
	<u>417.107.369</u>	<u>322.436.175</u>
Aðrar tekjur samtals	<u>1.488.156.550</u>	<u>1.293.108.466</u>

4 Laun og launatengd gjöld

Kostnaður við laun og launatengd gjöld nam 4.116,4 m.kr. Af 214,4 ársverkum voru 163,4 í landhelgihluta og 51,0 í varnarmálhluta.

	2022	2021
Dagvinna.....	2.166.528.881	1.993.244.081
Yfirvinna og álagsgreiðslur.....	773.994.942	701.620.591
Aðrar greiðslur.....	344.217.858	336.544.000
Launatengd gjöld.....	792.649.502	725.463.923
Breyting á orlofsskuldbindingu.....	39.005.755	66.994.378
	<u>4.116.396.938</u>	<u>3.823.866.973</u>
Ársverk		
Landhelgi - ársverk.....	163,4	158,4
Varnarmál - ársverk.....	51,0	48,2
	<u>214,4</u>	<u>206,5</u>

5 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér sést.

	2022	2021
Starfsmannatengdur kostnaður ¹	181.392.885	151.109.419
Funda- og ferðakostnaður.....	268.531.201	296.366.636
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	904.157.131	926.029.199
Þyrluleiga.....	788.969.160	768.105.630
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar.....	556.592.602	263.146.460
Viðhaldskostnaður.....	1.774.152.086	1.714.312.710
Tryggingar, skattar og ýmis gjöld.....	79.561.096	69.459.543
Annar rekstrarkostnaður.....	631.792.708	691.971.179
	<u>5.185.148.869</u>	<u>4.880.500.776</u>

¹ Inni í starfsmannatengdum kostnaði er einnig mótuneytskostnaður vegna gistiríkjustuðnings.

6 Fjármagnsliðir

Tap af fjármagnsliðum á árinu 2022 nam 16,8 milljónum króna.

Frá og með 2017 renna vaxtatekjur í ríkissjóð sem einnig tekur fjármagnstekjuskatt á sig.

	2022	2021
Vaxtagjöld.....	(1.146.982)	(454.078)
Gengishagnaður.....	52.548.578	30.800.975
Gengistap.....	(68.248.121)	(40.734.562)
Annar fjármagnshagnaður(tap)	(16.846.525)	(10.387.665)

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Skip og bátar.....	4.929.874.929	5.073.008.340
Loffför.....	2.408.841.298	2.834.726.957
Áhöld, búnaður, farartæki o.fl.....	329.034.756	264.653.060
Verk í vinnslu.....	45.164.386	47.959.469
Óefnislegar eignir.....	5.253.879	8.917.395
	7.718.169.248	8.229.265.221

	Skip og bátar	Loffför	Áhöld, bún. o.fl.	Óefnislegar eignir	Verk í vinnslu	Samtals
Kostnaðarverð						
Staða 01.01.2022.....	11.044.994.650	6.101.919.034	608.899.441	14.309.108	47.959.469	17.818.081.702
Fjárfesting ársins.....	0	0	120.017.902	0 (2.795.083)	117.222.819
Fært milli flokka.....	0	0	0	0	0	0
Selt/niðurl. 2022.....	0	0 (657.325)	0	0 (657.325)
Staða 31.12.2022.....	11.044.994.650	6.101.919.034	728.260.018	14.309.108	45.164.386	17.934.647.196
Afskriftir						
Afskriftir 01.01.2022.....	5.971.986.310	3.267.192.077	344.246.381	5.391.713	0	9.588.816.481
Afskrift ársins.....	143.133.411	425.885.659	54.978.881	3.663.516	0	627.661.467
Selt/niðurl. 2022.....	0	0	0	0	0	0
Staða 31.12.2022.....	6.115.119.721	3.693.077.736	399.225.262	9.055.229	0	10.216.477.948
Staða 31.12.2022.....	4.929.874.929	2.408.841.298	329.034.756	5.253.879	45.164.386	7.718.169.248

Áætlaðar afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2022, að teknu tilliti til fjárfestinga árið 2022, niður í hrakvirði ef við á, eru eftirfarandi:

	Skip og bátar	Loffför	Áhöld, bún. o.fl.	Óefnislegar eignir	Samtals
2023.....	143.133.387	164.839.159	64.643.283	2.325.533	374.941.362
2024.....	143.133.387	158.554.498	61.699.534	1.368.657	364.756.076
2025.....	143.133.387	158.554.498	55.028.204	1.368.657	358.084.746
2026.....	143.133.387	158.554.498	48.025.885	191.034	349.904.804
2027 og síðar.....	4.145.907.303	1.323.498.674	123.428.433	1	5.592.834.411
	4.718.440.851	1.964.001.327	352.825.339	5.253.882	7.040.521.399

Stofnunin tryggir öll loffför sem hún rekur sem og varðskipið Þór. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru ótryggðir fyrir utan hefðbundnar skyldutryggingar. Vátryggingarverðmæti áður nefndra eigna er samkvæmt tryggingarskírteinum eftirfarandi:

	Erlendur gjaldmiðill	Gjaldmiðill	Íslenskar Krónur
Flugvélin TF-SIF.....	27.300.000	EUR	4.125.030.000
Þýrlan TF-LÍF.....	4.000.000	EUR	604.400.000
Þýrlan TF-EIR (leiguvél, ekki eignfærð).....	15.500.000	EUR	2.342.050.000
Þýrlan TF-GRO (leiguvél, ekki eignfærð).....	15.000.000	EUR	2.266.500.000
Þýrlan TF-GNA (leiguvél, ekki eignfærð).....	18.000.000	EUR	2.719.800.000

8 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Skammtímakrafa erlendra verkefna er vegna uppgjors á Frontex verkefni haustið 2022 og sem lauk í desember og kröfu á seljanda varðskipsins Freyju vegna gallaðrar málningarvinnu.

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af kröfu á erlenda aðila og fyrirframgreiðslum til birgja. Samtals 43, m.kr., á ýmsum varahlutum, þjónustu sem og framkvæmdum.

	31.12.2022	31.12.2021
Skammtímakröfur vegna erlendra krafna.....	38.122.000	104.259.805
Fyrirframgreiðslur vegna framkv., varahluta, þjónustu og trygginga.....	4.910.661	12.211.954
	43.032.661	116.471.759

9 Birgðir

Birgðir eru bókfærðar á kostnaðarverði. Ekki hefur verið færð varúðarniðurfærsla og hefur virðisrýrnun eða úreldingu á rekstrarvörubirgðum og varahlutalager verið færð þegar upplýsingar um slíkt liggja fyrir. Varahlutalager loftfara er færður í evrum í birgðakerfi og er umreiknaður í íslenskar krónur á meðalgengi 24 mánaða tímabils fyrir reikningsskiladag. Olíubirgðir varðskipa eru færðar í efnahagsreikning útfrá FIFO reglu.

	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrarvörubirgðir.....	34.713.865	26.399.572
Olíubirgðir varðskipa.....	240.318.159	108.347.501
Varahlutalager loftfara.....	423.601.656	423.864.234
	<u>698.633.680</u>	<u>558.611.307</u>

10 Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru að mestu vegna sölu á vöru- og þjónustu bæði til innlendra og erlendra aðila.

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	457.901.107	321.617.046
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(15.320.225)	0
	<u>442.580.882</u>	<u>321.617.046</u>

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum.....	90.825.467	45.698.404
Viðskiptakröfur í erlendri mynt.....	66.181.043	67.020.155
Viðskiptakröfur á tengda aðila.....	285.574.372	208.898.487
	<u>442.580.882</u>	<u>321.617.046</u>

11 Staða við ríkissjóð og utanríkisráðuneytið

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar við ríkissjóð og utanríkisráðuneytið. Þannig er skuld eða inneign við ríkissjóð færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2022 nam skuld stofnunarinnar hjá ríkissjóði 134,2 m.kr. sem er lækkun um 279,0 m.kr. á árinu. Utanríkisráðuneytið fjármagnar rekstur stofnunarinnar á öryggis- og varnarmálum samkvæmt þjónustusamningi.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður muni veita stofnuninni framlag til þess að mæta orlofs- og frídagaskuldbindingum eins og þær voru færðar í stofnefnahagsreikning stofnunarinnar. Þetta er gert samkvæmt fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis á framlaginu.

	31.12.2022	31.12.2021
Greiðslustaða við ríkissjóð..... (134.231.887)	144.769.442
Áætlað framlag ríkissjóðs vegna orlofsskuldbindingar 1.1.2017.....	361.814.566	361.814.566
	<u>227.582.679</u>	<u>506.584.008</u>

Greiðslustaða við ríkissjóð breyttist þannig:

Staða 1. janúar 2022.....		144.769.442
Ríkisframlag.....		5.312.200.000
Greiðslur..... (5.592.104.633)	
Millifærslur.....		903.304
	Staða 31.12.2022 (<u>134.231.887)</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir við ríkisaðila í A-hluta.....	168.596.195	85.180.672
- þ.a. greiðslustaða við utanríkisráðuneytið (Mannvirkjasjóðsfulltrúi Nató).....	22.013.000	0

12 Vörslufé

	31.12.2022	31.12.2021
Vörslufé.....	67.198.212	66.999.781

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 67,2 m.kr. sem varðveittar eru á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en teljast ekki til handbærs fjár.

Vörslufé er vegna framlaga úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins (NATO). Framlöggin eru nýtt til að standa straum af kostnaði við verkefni sem eru fjármögnuð af sjóðnum.

Hreyfingar á vörslufé voru eftirfarandi:

Staða 01.01.2022.....		66.999.781
Innborganir frá mannvirkjasjóði NATO og vaxtatekjur.....		11.445.734
Greiddir reikningar og kostnaður vegna verkefna mannvirkjasjóðs NATO..... (11.247.303)	
	Staða 31.12.2022	<u>67.198.212</u>

13 Eigið fé

Eigið fé Landhelgisgæslunnar í árslok 2022 nemur 350,9 m.kr.

	31.12.2022	31.12.2021
Höfuðstóll 01.01.....	675.103.890	765.667.440
Rekstrarhalli ársins..... (324.181.742)	(90.563.550)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar.....	0	0
Höfuðstóll 31.12.....	<u>350.922.148</u>	<u>675.103.890</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 361,8 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

14 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í forni afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

Fjárfestingar vegna útskipta stærri vélarhluta á þyrlunni TF-LIF voru fjármagnaðar úr viðhaldssjóði en ekki með fjárfestingaframlagi. Frá 2017 til ársloka 2019 nam sú fjárhæð 210,0 milljónum króna. Fjárlagakerfið tekur hins vegar ekki tillit til þessa fjármögnunarframlags og samkvæmt því er umframráðstafað til fjárfestinga 250,6 milljónir.

	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda.....	7.718.169.248	8.229.265.221
- ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)..... (172.290.346)	(229.073.037)
- þar af áætluð tekjufærsla til að mæta afskriftum síðar	7.545.878.902	8.000.192.184
- þar af áætluð tekjufærsla á næsta reikningsári	374.941.362	457.620.074
- frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna	7.170.937.540	7.542.572.110

	Frestaðar tekjur v/fjárfestinga	Fjárfestingaheimild	Samtals frestaðar tekjur fjárfestinga
Staða 01.01.2022.....	8.229.265.221 (229.073.037)	8.000.192.184
Fjárfestingarfjárveiting ársins.....		141.000.000	141.000.000
Gjafir til fjárfestinga.....		29.355.510	29.355.510
Bókfært verð seldra eigna..... (657.325)	(657.325)
Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum.....		3.650.000	3.650.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	117.222.819 (117.222.819)	0
Fjárfesting í ófalislegum eignum.....	0	0	0
Tekjufærsla frestaðra tekna..... (627.661.467)	0 (627.661.467)
Staða 31.12.2022	7.718.169.248 (172.290.346)	7.545.878.902

15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru að mestu leyti vegna kaupa á rekstrarvöru, varahlutum og þjónustu frá birgjum.

	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
Viðskiptaskuldir.....	549.363.292	447.876.071
- viðskiptaskuldir í íslenskum krónum.....	225.050.790	330.835.864
- viðskiptaskuldir í erlendri mynt.....	324.312.502	117.040.207
Tengdir aðilar.....	168.596.195	85.180.672

16 Ýmsar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
Ógreitt orlof.....	368.502.532	336.939.556
Ógreiddir áunnir frídagar.....	248.106.084	240.663.305
Ógreidd laun.....	0	3.190.215
Aðrar viðskiptaskuldir.....	3.851.559	143.987
	620.460.175	580.937.063

17 Eignir fyrir utan efnahagsreikning

Stofnunin gjaldfærði fjárfestingu í ófalislegum eignum svo sem tölvukerfum fram að árinu 2020. Landhelgisgæsla Íslands fer með rekstur öryggis- og varnarmála fyrir hönd utanríkisráðuneytisins samanber þjónustusamning milli aðila. Landhelgisgæsla Íslands annast þar með talið fasteignir, tölvukerfi, vélar og tæki á öryggis- og varnarsvæðinu í Keflavík og á fjórum ratsjárstöðvum. Hluti af þessum eignum eru fjármagnaðar af Atlantshafsbandalaginu og hluti þeirra er fjármagnaður af íslenska ríkinu. Þessar eignir standa að mestu leyti fyrir utan efnahagsreikning Landhelgisgæslu Íslands, bæði efnislegar og óefnislegar eignir.

18 Skuldbindingar fyrir utan efnahagsreikning í þúsundum króna

Landhelgisgæsla Íslands er með leigusamninga um þyrlur sem eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar samkvæmt IPSAS 13 og er leigan því gjaldfærð þegar hún fellur til og ekki er færð upp skuldbinding eða eign vegna þessara samninga í reikninga stofnunarinnar. Þá hefur Landhelgisgæslan gert aðra skuldbindingandi samninga sem standa fyrir utan efnahagsreikning. Samandregið yfirlit sýnir hvernig þær skuldbindingar skiptast:

	2023	2024	2025	2026
Samningar varnarmálahluta.....	902.935	451.565	379.665	410.607
Leigusamningar þyrlna.....	785.765	785.765	409.633	98.474
Viðhaldssamningar loftfara.....	410.039	410.039	248.209	125.580
Húsaleigusamningar.....	150.190	159.202	168.754	178.879
Rekstrar- og þjónustusamningar	(199.902) (211.896) (224.609) (251.025)
	2.049.028	1.594.675	981.651	562.514

Skuldbindingar vegna hlunninda starfsmanna

Stofnunin hefur áhvilandi skuldbindingar vegna áunninna námsleyfa starfsmanna, áunnins veikindaréttar og hugsanlega fleiri áunninna réttinda samkvæmt kjarasamningum. Þessar skuldbindingar eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslunnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding ekki færð í reikninga stofnunarinnar en heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

19 Aðrar upplýsingar

Landhelgisgæsla Íslands er að vinna að kröfugerð á hendur United Offshore Support seljanda varðskipsins Freyju vegna galla á málningu þegar það kom til landsins í nóvember 2021. Gert var við varðskipið haustið 2022. Búið er að færa varúðar tekjufærslu að fjárhæð 36.152.500 hjá LHG.

Búið er að færa 5,0 milljón króna varúðar tekjufærslu vegna kröfu á tryggingafélag vegna flugvélarinnar TF-ABB, sem fórst í Þingvallavatni á árinu 2022. Erindi hefur verið sent umboðsmanni tryggingafélagsins héraðs, er það í vinnslu.

Ómar Antonsson, bóndi á Horni, Stokksnesi, og leigusali íslenska ríkisins hefur farið fram á að íslenska ríkið viðurkenni ábyrgð og bótaskyldu vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna veikinda og dauða hrossa sem að hans sögn megi rekja til þess að hrossin hafi komist í mengað hey á Stokksnesi sem ríkið leigir af honum undir ratsjárstöð Atlantshafsbandalagsins. Landhelgisgæslan fékk Verkís til að gera úttekt á mengunarmálum á svæðinu árið 2017 og í kjölfarið var gefin út skýrsla (2018) um ástand svæðisins. Verkís var síðan falið það verkefni vorið 2020 að gera áætlun um það hvernig hreinsa megi upp olíumengun sem enn er til staðar frá því að Varnarliðið var með neðanjarðarolíutanka á svæðinu. Tankarnir voru fjarlægðir árið 1996. Enn er einhver mengun til staðar og er það vilji Landhelgisgæslunnar að reyna til hins ýtrasta að hreinsa alla mengun af svæðinu. Verkís hefur staðið fyrir tilraunum til olíuhreinsunar á svæðinu. Ómar Antonsson telur að tjón sitt megi rekja til þessara tilrauna eða mengunar á svæðinu. Tjónið er ekki ljóst ennþá og hefur því verið sett fram krafa af hálfu Ómars um viðurkenningu á ábyrgð og bótaskyldu. Ekki hefur ekki verið færð nein varúðarfærsla vegna þess. Aðalmeðferð málsins verður í maí 2023 og niðurstöður ættu því liggja fyrir í júní 2023.

Verið er að vinna að lausn máls sem varðar 15,5 milljóna kröfu Isavia vegna mannvirkja á öruggis- og varnarmálasvæði. Ekki hefur verið færð gjaldfærsla vegna þessa.